

Fimmtudaginn 13. maí 1976.

Nr. 168/1974. **Guðbergur Jónas Márusson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Hauki Friðrikssyni

Kristínu J. Benediktsdóttur og

Almennum tryggingum h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1974 og gert þessar dómkröfur: Aðallega, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum 114.328 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar. Þá er krafist málskostnaðar í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing gatnamála-stjórans í Reykjavík um, að ekki hafi verið merkt lína eftir götumiðju Álfheima á þeim tíma, er árekstur sá varð, sem í málinu greinir.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi gefið merki með stefnuljósum um fyrirhugaða beygju til vinstri að húsinu nr. 32—36 við Álfheima. Sú skýrsla hans hefur stoð í vitnisburði Magnúsar Péturssonar fyrir lögreglu. Hvorki stefnda Kristín né vitnið Unnur Erna Hauksdóttir telja sig þó hafa séð stefnummerkin. Þar sem enn fremur verður ekkert ráðið með vissu af skýrslum áfrýjanda og áður-

nefnds Magnúsar um það, hvenær áfrýjandi hóf merkja-gjöfina, þykir ekki fullvíst, að áfrýjandi hafi gefið merki með stefnuljósum í tæka tíð. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um, að áfrýjandi eigi sök á árekstrinum.

Samkvæmt skýrslum áfrýjanda og vitnisins Magnúsar Péturssonar ók áfrýjandi í umrætt sinn á hægri vegarhelmingi, sem næst miðlínu vegar, svo sem gera skal, áður en ökutæki er beygt til vinstri, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968. Uppdráttur lögreglu, sem gerður var af árekstursstað, virðist staðfesta þetta. Að svo vöxnu bar stefndu Kristínu að gæta sérstakrar varúðar, er hún hugðist aka fram hjá bifreið áfrýjanda á vinstri vegarhelmingi, einkum þar sem skyggni var slæmt, og bar henni að gefa áfrýjanda merki um þá fyrirætlun sína, sbr. 4. mgr. 47. gr. laga nr. 40/1968. Þessa gætti stefnda Kristín ekki, og á hún því einnig nokkra sök á árekstrinum. Þykir rétt, að áfrýjandi beri tjón sitt að $\frac{3}{4}$ hlutum sjálfur, en stefndu bæti honum það óskipt að $\frac{1}{4}$ hluta, sbr. 68. gr. og 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar á þann hátt, sem greint er í héraðsdómi. Stefndu hafa ekki andmælt fyrri lið dómkröfunnar tölulega. Þeir mótmæla ekki, að áfrýjandi hafi orðið af notum bifreiðar sinnar í 53 daga, eins og hann heldur fram. Hins vegar andmæla þeir því, að tjón áfrýjanda vegna afnotamissis hafi numið meiru en 300 krónum á dag, eða alls 15.900 krónum.

Við það verður miðað, að áfrýjandi hafi notað bifreið sína í atvinnurekstri, sem hann hafði með höndum. Þykir mega fallast á mat hans á tjóni sínu vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu verður tjón áfrýjanda talið nema 114.328 krónum (82.528 + 31.800). Af þeirri fjárhæð ber stefndu samkvæmt áður sögðu að greiða honum óskipt $\frac{1}{4}$ hluta, eða 28.582 krónur með vöxtum svo sem krafist er, en upphafstíma þeirra er ekki andmælt.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Haukur Friðriksson, Kristín J. Benediktsdóttir og Almennar tryggingar h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Guðbergi Jónasi Márussyni, 28.582 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Guðbergur Jónas Márusson, Álfheimum 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. október 1973, á hendur Hauki Friðrikssyni, Grensásvegi 26, Reykjavík, Kristínu J. Benediktsdóttur, sama stað, og Baldvin Einarssyni forstjóra, Pósthússtræti 9, f. h. Almennra trygginga h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 114.328 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 26. október 1972 til 16. maí 1973 en 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara gera þeir þær dómkröfur, að sök verði skipt og þeim aðeins gert að greiða hluta stefnukröfunnar í samræmi við sakarskiptingu í málinu. Í síðara tilvikinu krefjast þeir þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Leitast hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 4. september 1972, um klukkan 1445, ók stefnda Kristín tólksbifreiðinni R 13544, eign stefnda Hauks, norður Álfheima. Á sama tíma ók stefnandi fólksbifreið sinni, R 23082, af Moskwich-gerð, einnig norður Álfheima. Þegar bifreiðarnar nálgast fjölbýlishúsið nr. 32—36 við Álfheima, segir stefnandi, að ökuhraðinn á sinni bifreið hafi verið um það bil 15 km miðað við

klst., en stefnda Kristín segir, að hraðinn á fólksbifreiðinni R 13544 hafi verið um það bil 30—35 km miðað við klst., og var hún að draga uppi bifreið stefnanda, sem var hægra megin við nefnda bifreið umrætt sinn. Stefnandi hugðist beygja sinni bifreið til vinstri yfir innkeyrslu, sem er fyrir húsið nr. 32—36 við Álfheima í Reykjavík. Kveðst hann hafa gefið stefnuljós til merkis um það og verið kominn nærri vegmiðju, þegar bifreiðinni R 13544 hafi verið ekið á vinstri hlið bifreiðar sinnar, lent fyrst á afturbretti hennar, síðan á báðum hurðum og hurðarstaf og staðnæmst á frambretti og dældað það.

Stefnda Kristín, er ók bifreiðinni R 13544 í umrætt sinn norður Álfheima, hefur borið, að rétt á undan og hægra megin á götunni hafi bifreið stefnanda verið ekið. Bifreið stefnanda hafi verið alveg hægra megin á götunni og engin stefnummerki verið sjáanleg á henni, er bent gæti til þess, að bifreiðinni yrði beygt. Stefnda Kristín bar, að bifreið hennar hafi verið aftan til við bifreið stefnanda og þá við miðlínu vegarins, þegar bifreið stefnanda hafi verið þverbeygt til vinstri að bifreið hennar og hafi árekstur þá verið óumflýjanlegur. Stefnda Kristín gat þess, að stefnandi hefði sagt við lögreglumennina, sem á staðinn komu, að hann hafi ekki séð bifreiðina R 13544, og sagt m. a., að móða hafi verið á rúðum bifreiðar stefnanda, sem hafi torveldað útsýn.

Stefnandi hefur borið, að þegar umrætt slys varð, hafi verið regnsuddi og skyggni því ekki sem best, bleyta á rúðunni. Hann kvaðst hafa staðsett bifreið sína á miðri götunni, enda hafi kyrrstæðar bifreiðar verið við hægri götukant, séð frá honum. Stefnandi kvaðst hafa gefið stefnummerki til vinstri, áður en hann kom að fyrrgreindri innkeyrslu. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við bifreiðina R 13544, fyrr en um leið og áreksturinn varð.

Vitnið Unnur Hauksdóttir hefur komið fyrir réttinn og borið, að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni R 13544 og setið í framsæti hægra megin, þegar áreksturinn varð. Í umrætt sinn segir vitnið, að bifreiðinni R 13544 hafi verið ekið á vinstri kanti á um það bil 30—35 km hraða og hafi hún ætlað áfram Álfheimana. Um leið og bifreið stefnanda hafi komið samhliða bifreiðinni, kvaðst vitnið hafa litið á bifreið stefnanda, sem þá hafi verið beygt fyrir bifreiðina R 13544, og þá hafi áreksturinn orðið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð stefnuljós á bifreið stefnanda.

Hinn 29. mars 1973 gaf Magnús Pétursson, fyrrverandi lögreglumaður, skýrslu fyrir lögreglunni í Árnessýslu. Í þeirri skýrslu kemur fram, að þegar framangreint slys vildi til, var Magnús

Pétursson í eldhúsinu í íbúð sinni að Álíheimum 32. Hann kveðst hafa staðið við gluggann og séð, hvar bifreið kom akandi frá Suðurlandsbraut í átt að Langholtsvegi. Kveðst hann hafa séð, að ökumaður bifreiðarinnar setti á stefnuljós, er gáfu til kynna, að hann hefði í huga að aka að húsinu nr. 32 við Álíheima. Magnús kvaðst ekki geta sagt annað en að bifreið þessari hafi í alla staði verið ekið eðlilega á hægri hluta akreinar, þ. e. út við miðju götunnar, svo sem vera beri, áður en sveigt sé til vinstri. Magnús kvað bifreiðina hafa verið að byrja að sveigja til vinstri, þegar önnur bifreið hafi komið á eftir henni, og kvaðst Magnús telja, að þeirri bifreið hafi verið ekið ógætílega. Hann kvaðst ekki hafa séð, að ökumaður þeirrar bifreiðar gerði neina tilraun til að hemla eða koma í veg fyrir árekstur. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt dregið úr hraða bifreiðarinnar, sem síðan hafi lent á vinstri hlið bifreiðar stefnanda, sem hafi verið að sveigja í átt að húsinu nr. 32 við Álíheima. Magnús kvað eldhúsglugga sinn hafa snúið út að götunni og hafi hann því haft góða yfirsýn yfir það, sem þar gerðist.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður kr. 82.528
2. Afnotamissir bifreiðar í 53 daga frá 4. sept. 1972
til 26. okt. s. á., kr. 600 á dag, eða samtals . . — 31.800

Kr. 114.328,

sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Tveir lögreglumenn komu á vettvang eftir áreksturinn. Tók annar þeirra skýrslu af ökumönnum bifreiðanna. Í þeirri skýrslu segir m. a. svo:

„Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: R 23082 fram- og afturhurðir vinstra megin mikið dældaðar, „síls“ rifinn og dældaður, vinstra afturbretti gengið til.

R 13544: Hægra framaurbretti dældað, höggvarahorn hægra megin dældað, vatnskassahlíf dælduð“.

Á uppdrætti þeim, sem annar lögreglumaðurinn gerði af vettvangi, er sýnt, að báðar bifreiðarnar eru á leið norður Álíheima, bifreiðin R 23082 er nokkuð á undan bifreiðinni R 13544. Uppdrátturinn sýnir bifreið stefnanda hægra megin við vegmiðju, en bifreiðina R 13544 að mestu leyti vinstra megin við vegmiðju.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að ökumaður bifreiðarinnar R 13544, stefnda Kristín, hafi átt alla sök á árekstrinum í umrætt sinn með því að hafa ekki virt reglur 1. mgr. 37.

gr. og 3. og 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968. Stefnandi hafi ekið að miðlínu vegarins. Hann hafi verið á litlum hraða og gefið stefnuljós til merkis um það, að hann ætlaði að beygja til vinstri. Stefnandi mótmælir framburðum þeirra stefndu Kristínar og Unnar Hauksdóttur um það, að hann hafi ekki gefið stefnumerki í umrætt sinn, og vitnar sérstaklega til framburðar Magnúsar Péturssonar þar um.

Stefndu reisa rýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi í umrætt sinn ekið utarlega á hægri kanti götunnar og beygt skyndilega í veg fyrir bifreiðina R 13544 án þess að gefa stefnumerki. Stefnandi hafi að sjálfsögðu borið að sýna ýtrustu varkárni, er hann hugðist beygja af fjölfarinni götu inn í húsasund. Verði að gera mun meiri kröfu til ökumanna, sem ætli sér að beygja inn í slík húsasund, sem í rauninni séu fáfarin, og tæpast sé von á því, að aðrir vegfarendur séu ávallt viðbúnir því að forðast afleiðingar af slíkum ökumáta.

Vegna þess hve skyggni var slæmt, hafi stefnandi borið að sýna ýtrustu varkárni. Það hafi stefnandi ekki gert, þar sem hann hafi ekki séð bifreiðina R 13544, áður en áreksturinn varð. Varðandi það atriði, hvort stefnandi hafi gefið stefnuljós, áður en hann beygði til vinstri, þá standi fullyrðing gegn fullyrðingu um það atriði, en ljóst sé af uppdrættinum, er lögreglan gerði af vettvangi, að stefnandi hafi ekki verið kominn að miðlínu vegarins, þegar hann hafi skyndilega beygt til vinstri í veg fyrir bifreiðina R 13544. Þar með hafi árekstur verið óumflýjanlegur.

Niðurstaða réttarins.

Þegar áreksturinn varð, var rigning og slæmt skyggni. Stefnandi segir, að bleyta hafi verið á rúðum bifreiðar hans. Það er ósannað, að stefnandi hafi gefið stefnumerki til vinstri, áður en áreksturinn varð. Hann kvaðst ekki hafa veitt bifreiðinni R 13544 athygli, fyrr en áreksturinn varð. Með framburði vitnanna Unnar Hauksdóttur og Magnúsar Péturssonar svo og stefndu Kristínar þykir sannað, að áreksturinn verður vegna þess, að stefnandi beygir til vinstri í veg fyrir bifreiðina R 13544. Með því móti brýtur stefnandi gegn 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem ekkert bendir til þess, að bifreiðinni R 13544 hafi verið ekið á ólöglegum hraða í umrætt sinn, telst stefnandi einn eiga alla sök á árekstrinum. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristín J. Benediktsdóttir, Haukur Friðriksson og Baldvin Einarsson f. h. Almennra trygginga h/f, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Guðbergs Jónasar Márussonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1976.

Nr. 40/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Arthúr Gíslasyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Toríason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum máls eru málavextir þeir, að föstudagskvöldið 24. nóvember 1972 var hann við drykkju í húsi nokkru við Snorrabraut hér í borg frá því um klukkan 2200 til miðnættis. Frá Snorrabraut ók hann bifreið sinni, G 5045, að Umferðarmiðstöðinni. Dvaldist hann þar til um klukkan 0300 um nóttina. Hugðist hann þá halda til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, en er hann ók austur Stórholt, sáu tveir lögreglumenn til ferða hans. Veittu þeir honum eftirför og stöðvuðu bifreið hans á Nóatúni á móts við veitingahúsið Röðul. Segir í lögregluskýrslu, að ökumaður bifreiðarinnar G 5045 hafi þá verið áberandi ölvaður.

Lögreglumennirnir tóku bifreiðina í sína vörslu, en færðu